



# Starfsreglur fræðslu- og útbreiðslunefndar HSÍ

## 1.gr. Skipun

Fræðslu- og útbreiðslunefnd HSÍ starfar samkvæmt lögum HSÍ og reglugerð HSÍ um fræðslumál og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga og reglna. Fræðslu- og útbreiðslunefnd skal skipuð a.m.k. 5 mönnum, sem stjórn HSÍ tilnefni og skal formaður nefndarinnar koma úr stjórn HSÍ en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

## 2.gr. Fundir

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Skrifstofa HSÍ annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hún sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra HSÍ.

## 3.gr. Hlutverk og verkefni

Fræðslu- og útbreiðslunefnd hefur umsjón með og skipuleggur fræðslumál HSÍ og annast sér í lagi menntun handknattleiksþjálfara og útbreiðslu íþróttarinnar.

Helstu verkefni fræðslu- og útbreiðslunefnd eru eftirfarandi:

- a. Að hafa umsjón með menntun handknattleiksþjálfara
- b. Að halda reglulega námskeið fyrir handknattleiksþjálfara
- c. Að halda skrá yfir alla þá sem lokið hafa þjálfaramenntun hér á landi eða erlendis
- d. Að annast endurmenntun þjálfara
- e. Að halda gagnagrunn um íslenska handknattleiksþjálfara
- f. Að hafa umsjón með útgáfu fræðsluefnis um handknattleik og handknattleiksþjálfun
- g. Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi með áherslu á samstarf Norðurlanda
- h. Að afla og miðla upplýsingum um þjálfun og námskeið erlendis
- i. Að vera umræðuvettvangur um framfarir og þróun í íslenskum handknattleik

## 4.gr. Önnur störf

Fræðslu- og útbreiðslunefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn HSÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

## 5.gr. Ágreiningsmál

Stjórn HSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.



## **6.gr. Gildistaka**

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

*Samþykkt af stjórn HSÍ 8.apríl 2009*